

Siglingaráð

37. fundur

Dags.: 19. janúar 2023, kl. 11:00 til 12:40 í innviðaráðuneytinu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (irn), Eggert Ólafsson (irn), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Guðmundur B. Agnarsson (LHG), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Ásgrímur L. Ásgrímsson (LHG), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga).

Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Fundargerð 36. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- Fundargerðir 35. og 36. fundar samþykktar.**
 - Lyf og lækningatæki í skipum.** ÁP sagði frá nýrri reglugerð nr. 1300/2022 um heilbrigðisþjónustu, lyf og lækningatæki um borð í íslenskum skipum sem er um leið innleiðing á tilskipun. Í nýju reglugerðinni eru ýmsar breytingar vegna þróunar í lyfjum og lækningatækjum t.d. sett krafa um hjartastuðtæki í skipum 15 m og lengri.
 - Flokkar A og B standa óbreyttir, nýjum flokki C var bætt við fyrir skip í flokki B sem fara ekki í lengri ferðir frá og til hafnar en 5 klukkustundir og D flokkur er nú fyrir lyfjakistu smábáta. Sjúkragögn björgunarfara skulu vera samkvæmt LSA kóða. Útgerð og öryggisstjóri bera ábyrgð á lyfjakistu auk skipstjóra.
 - „Lyfjaskrá“ skipaflokka eru komnar á vef Samgöngustofu. Breytingareglugerð með uppfærðum viðauka þ.e. listum yfir lyf og tæki verður sett m.t.t. ábendinga og annarra breytinga.Umræða var um kröfur um lyf og tæki í flokki D og AB sagði að rökstyðja þurfi auknar kröfur m.a. með könnun á notkun lyfja og tækja meðal þeirra sem yfirfara sjúkrakisturnar. Bent á að þrátt fyrir að sumt sé aldrei notað væri verra að það væri ekki til staðar ef á þarf að halda sbr. hjartastuðtæki.
- Öryggisáætlun sjófarenda, frumdrög að stefnu.** Ekki náðist að fjalla um drögin en ÁP kynnti yfirkafli í stefnunni og ætlar að senda drögin á fulltrúa í ráðinu (og á TEAMS svæði).
 - Önnur mál.**

Lög og reglur.

- EÓ upplýsti að fyrra frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (varðandi EES-reglur) hafi verið samþykkt í ríkisstjórn og yrði bráðum lagt fyrir Alþingi. Málið er enn á samráðsgátt þó að umsagnarfrestur er liðinn ([sjá nánar](#)). Seinna frumvarpið varðar breytingar sem ekki tengist EES-reglum. Í frumvarpinu verður m.a. ákvæði um gjaldtöku hafna fyrir fiskeldi. BA benti á að ósamræmi væri í gjaldtöku milli atvinnugreina t.a.m. annarsvegar skipa sem landa/losa/lesta í höfnum þar sem greidd eru gjöld til hafna og hins vegar skipa sem losa fóður beint í fóðurpramma, einnig ef eldisfiskur er fluttur úr kvíum í sláturskip og landað annarsstaðar, þá hafa hafnir engar tekjur af því.
- Breyting á reglugerð 122/2004 með 562/2021.** HS fór yfir forsendur þess að séríslenskar reglur voru gerðar til gúmmíbjörgunarbáta í kjölfar prófana á reki þeirra eftir sjóslys þar sem erfitt var að finna bátana sökum mikils reks í ofsavæðri. Því hafi m.a. verið gerð krafa um mun viðameira rekakkeri til þess að hægja á reki og stærri kjölfestupoka til þess að auka stöðugleika. Þá stækkar leitarsvæði til muna við hraðara rek sem og að maður í sjó geti ekki

synt á eftir bát sem rekur hratt. Með reglugerð 562/2021 voru þessar séríslensku reglur um gúmmibjörgunarbáta felldar niður. HS benti á að reglur um sleppibúnað (skotgálga) gætu hugsanlega verið felldar óvart niður. GHB sagði að nú væri til annarskonar sleppibúnaður gúmmibjörgunarbáta sem þarf að rannsaka betur ef kröfur um skotgálga yrðu felldar út. Bent var á að skoða þyrfti hvaða reglur gildi um fiskiskip sem eru 15 til 24 metrar t.d. eru ekki skilgreindar kröfur til eldvarna í þessum skipum.

Ráðið beinir þeim tilmælum til ráðuneytis um að endurskoða breytingar á reglugerðinni og haldi séríslensku kröfunum amk um stærri kjölfestupoka og rekakkeri.

- c) **Öryggisstjórnun fiskiskipa.** HS rifjaði upp umræðu, verkefni og ákvarðanir síðustu ára varðandi öryggisstjórnunarkefi í fiskiskipum. Öryggishandbók fyrir fiskiskip, grunnur til aðlögunar, er nú aðgengileg á vef SGS í samræmi við ákvörðun siglingaráðs um að hafa ISM kóðann til viðmiðunar. GHB er ánægður með þessa fyrirmynd að ISM öryggishandbók sem búið er að aðlaga að fiskiskipum en Brim hefur unnið að því að heimfæra bókina á þeirra skip vandkvæðalaust. Fleiri útgerðir eru að aðlaga bókina að sínum skipum.
- i) Undirbúningsfasa er lokið og komið að því að setja kröfur um notkun öryggisstjórnunarkerfa í fiskiskipum og festa í lög. Lagt var til norskar reglur um öryggisstjórnun í öllum skipum í atvinnurekstri verði fyrirmynd að sambærilegum íslenskum reglum.
- ii) Eftirlitsaðilar þurfa að uppfæra sína gátlista og bæta við öryggishandbókinni. GHB bauðst til þess að aðstoða við uppfærslu á skoðunarlistum. HS bætti við að þegar sett eru ákvæði í lög og reglur verði að uppfæra eftirlitsbækur og gátlista skoðunarmanna þ.m.t. hvort búið sé að gera áhættumat sem er skylt að gera eða spurt um öryggisfulltrúa skipsins.
- d) **Fundur um öryggismál.** ÁP lagði til að halda í vor míni-ráðstefnu um öryggismál skipa sem féll tvívegis niður í Covid. Þar yrði björgunarbúnaður skipa í öndvegi en fulltrúi Hammar hefur ítrekað vilja til þess að vera með erindi á slíkum fundi.
- e) **Heilsufarseftirlit sjómanna.** VV opnaði umræðu um kröfur til læknisskoðana þar sem minni kröfur eru gerðar til sjómanna á fiskiskipum en á kaupskipum.
- i) PÆP sagði það gott fyrir sjómenn að fara a.m.k. í heilsufarsskoðun á tveggja ára fresti.
- ii) GBA benti á að þrátt fyrir að lögin kveði á um heilbrigðiskröfur á sjómenn allra skipa sem þau ná yfir svo sem sjómenn á varðskipum, dráttarbátum og dýpkunarskipum sé aðeins minnst á fiskiskip í reglugerðardrögum.
- iii) EÓ sagði að það kæmi fram í reglugerðinni um heilbrigðiskröfur og er hún komin í samráðsgáttina. Opið er fyrir athugasemdir til 20. janúar n.k.
- f) **Æfingar og mönnun skipa.** PÆP opnaði umræðu um eftirlit með æfingum um borð í skipum sem eru í útsýnisferðum, hvalaskoðun og í ferjum því þar komi hafnarríkiseftirlit ekki að málum og velti fram spurningu um hvort nægilega margir væru í áhöfnum þessara skipa með þekkingu á björgunarbúnaði viðkomandi skips, ef upp kæmi neyðarástand. Krafa um öryggismönnun, lágmarksmönnun, hvers skips byggir á greiningu Samgöngustofu. Æfingar í farþegaskipum eiga að vera vikulega og SGS/LHG hafi eftirlit með þetta sé virt. RG sagði útgerðir virða reglurnar en heimsóknir eftirlitsaðila almennt sjaldgæfar. HS benti á dæmi um skip sem væri ekki hægt að manna samkvæmt alþjóðakröfum STWC um vaktstöðu í brú m.a. vegna skorts á hásetum sem hafa ekki lokið viðurkenndri hásetafræðslu. Sagði hann að leysa mætti málið með því að meta smáskiparéttindi gjaldgeng fyrir vaktir í brú en þar skortir fræðslu um stýrisskipanir. GBA gagnrýndi að sett séu ákvæði í reglur sem gera lítið úr menntun sjómanna t.d. að hásetar geti komið í stað stýrimanna í einhverjum tilvikum.
- g) **Langbylgja.** AB sagði það ekki gott að RUV ætli að leggja niður langbylgjuútsendingar og að til stæði að fella möstur. Langbylgjan væri mikilvæg fyrir skilaboð til og frá skipum fjarri landi. Lagt var til að siglingaráð álykti um langbylgjusendingar.
- h) **Baujur/flotvörður og sjókort.** PÆP spurði um verklag varðandi baujur sem hafa verið teknar eða færðar til og hversu fljótt upplýsingar um þær komi í rafræn sjókort. GBA sagði að LHG, sjómælingar setji inn breytingar um leið og upplýsingar berast um þær. BA sagði að þeim aðili sem á baujunarr beri skylda til að upplýsa LHG um færslu þeirra.

Næsti fundur verður haldinn 2. febrúar hjá Samgöngustofu og hefur verið boðaður í tölvupósti.

IV og Áþ rituðu fundargerð.